



Fundargerð hreppsnefndar 03. apríl 2014

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 3. apríl 2014 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Ásrún Jörgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson og Hafþór Róbertsson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 20. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 20. mars sl. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 13. mars sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð umhverfisnefndar frá 13. mars sl.

Hreppsnefnd tekur undir ábendingarinnar í 4. tl. fundargerðarinnar varðandi utanvegaakstur o.fl.

3. mál. Fundargerð Húsnæðisnefndar frá 25. mars sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð húsnæðisnefndar frá 25. mars sl.

4. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2013.

-Síðari umræða-. Á fundinn mætir fulltrúi KPMG og gerir grein fyrir ársreikningnum og endurskoðunarskýrslu sinni. Milli umræðna kom í ljós að ríkisframlag vegna Sundabúðar hafði ekki skilað sér að fullu. Reikningurinn breytist miðað við það. Endanlegum gögnum verður dreift á fundinum.

Fyrri umræða ársreikninga Vopnafjarðarhrepps fór fram 20. mars sl., og voru þá til umræðu ársreikningar A- og B-hluta fyrir árið 2013, sundurliðanir ársreiknings, endurskoðunarskýrsla KPMG og greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum 2013. Á þann fund var áætlað að löggiltur endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, mætti og gerði grein fyrir endurskoðunarvinnu sinni. Sökum ófærðar þennan dag tókst honum ekki að mæta á þann fund. Hann er því mættur hér í dag og mun gera grein fyrir endurskoðunarvinnu sinni og svara fyrirspurnum fundarmanna. Öll þessi gögn eru til umfjöllunar hér í dag við síðari umræðu ársreikninga ársins 2013.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og skýrði helstu stærðir í ársreikningum. Að öðru leyti vísaði hann til ársreikningsins, greinargerðar sinnar með reikningunum, skýringa og gagna KPMG.

Í ársreikningunum kemur meðal annars fram að:

„Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 830,9 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 50,2 m. kr., voru 698,6 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 132,3 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunagjalda, að fjárhæð 18,3 m.kr. í gjöld umfram tekjur kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 114.062 m. kr. hagnaði árið 2013.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 27,1 % eða úr 509,9 m. kr. 2012 í 648,3 m.kr. árið 2013. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af því að sveitarfélagið tók á árinu við rekstri legudeildarinnar að Sundabúð af ríkinu. Kostnaður vegna þess er 125,5 m.kr. þ. a. þegar hann hefur verið dreginn frá hækka almenn

rekstrargjöld um 2,5 %. Heildargjöld að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda/tekna hækka um 20,2 % eða úr 596,3 m.kr. 2012 í 716,8 m.kr. árið 2013. Sé rekstrarkostnaður vegna Sundabúðar, legudeildar dregin frá eru heildargjöld ársins 2013 591,3 m.kr., sem er lækkun um tæplega 1 %.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,2 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi 2013 er þetta skuldahlutfall 79,5 %. Annað viðmið sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 75,6 % í ársreikningi 2013.

Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum, sem sett eru fram í umgetinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2013 á móti afborgunum lána. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 674,9 m. kr. í 660,6 m.kr. eða um 14,3 m. kr.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 183,3 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá er handbært fé frá rekstri jákvætt um 193,4 m.kr., sem er 23,3 % af heildartekjum.

Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum sem reyndust vera 175,7 m. kr. og afborgunum lána og öðrum fjármögnunarhreyfingum að fjárhæð 57,3 m. kr.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé lækkar um 39,5 m. kr. og er í árslok 80,5 m.kr. en var í upphafi ársins 120 m. kr.“

Sveitarstjóri lagði síðan til að ársreikningar Vopnafjarðarhrepps fyrir A- og B- hluta yrðu samþykktir við síðari umræðu hér í dag.

Magnús Jónsson, endurskoðandi tók síðan til máls og skýrði endurskoðunarvinnu KPMG og fór yfir endurskoðunarskýrslu sína og önnur þau gögn sem fyrir fundinum lágu varðandi ársreikninga sveitarfélagsins.

Talsverðar umræður urðu um ársreikningana og önnur fyrirleggjandi gögn, þar sem fundarmenn lýstu skoðunum sínum. Voru nefndarmenn almennt sáttir við rekstur sveitarfélagsins.

Endurskoðandi og sveitarstjóri svöruðu síðan framkomnum fyrirspurnum fundarmanna. Að yfirferð þessari lokinni var Magnúsi Jónssyni, endurskoðanda þakkað fyrir greinargóðar útskýringar á reikningunum og vék hann síðan af fundi.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2013 A- og B- hluta var síðan borinn upp til samþykktar.

Samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál Hótel Tangi, staða mála.

Gerð var grein fyrir stöðu mála og hvernig staðið hefði verið að framgangi málsins. Lögð fram fundargerð stjórnar Arnarvatns frá 2. apríl sl., þar sem fram kemur að stjórnin telur fullreynt að sinni að selja eignina.

Á þeim grunni leggur stjórnin til að gengið verði til verka og fundinn leigjandi miðað við tiltekin skilyrði.

Nokkrar umræður urðu síðan um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða, með 7 atkvæðum, fyrir sitt leyti að fara að tillögu stjórnar Arnarvatns í þessum efnum.

Fasteignasölunni INNI falið verkið.

6. mál. Björgunarsveitin Vopni bréf, varðandi svokölluð símahús á Urðum og Haug og samninga við Minjavernd í því sambandi.

Lagt fram bréf frá Björgunarsveitinni Vopna dags. 5. mars sl., þar sem óskað er eftir fjárhagslegum liðstyrk sveitarfélagsins vegna samninga milli Björgunarsveitarinnar og Minjaverndar um yfirtöku sveitarinnar á Símahúsum á svokölluðum Urðum og Haug. Hús þessi myndu nýtast vel til þess að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu og allmennt við útivist. Alls óskar sveitin eftir 1.500 þús. kr. styrk til þess að geta uppfyllt skilyrði samninga í þessum efnum.

Hreppsnefnd telur málið mjög áhugavert og mun styðja við það að samningar um þessi mál náist fram. Fjármunir til þessa verkefnis eru ekki fyrir hendi í fjárhagáætlun yfirstandandi árs. Þrátt fyrir það mælir hreppsnefnd eindregið með því að leitað verði eftir frágangi samninga í þessum efnum eins og um er rætt. Við það verður miðað að á fjárhagsáætlun næsta árs verði áætlað fyrir þeirri styrkfjárhæð, sem um er beðið.

Sveitarstjóra og oddvita falið að koma ákvörðun þessari á framfæri við forsvarsmenn sveitarinnar.

7. mál Heilbrigðisráðuneytið fundur 27. mars sl. Gerð grein fyrir málum.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 7. mars sl., til Heilbrigðisráðuneytisins, varðandi afgreiðslu mála er snúa að svokölluðu jafnlaunaátaki til samræmis við yfirlýsingu Ríkisstjórnarinnar frá 21. janúar sl. Í bréfinu er óskað eftir formlegu svari ráðuneytisins varðandi þessi mál eins og kallað hefur verið eftir um langt skeið.

Jafnframt lagt faram yfirlit um greiðslur ríkisins til sveitarfélagsins á árinu 2013, vegna legudeildarinnar að Sundabúð. Á grundvelli þess var óskað eftir leiðréttingu greiðslna vegna síðasta árs, en talsvert vantar uppá að allar greiðslur hafi skilað sér rétt á árinu.

Gerð var grein fyrir fundi sem forsvarsmenn sveitarfélagsins áttu með heilbrigðisráðherra um þessi mál 27. mars sl. Þar kom fram að ráðuneytið mun ganga frá leiðréttingu greiðslna til samræmis við fyrirliggjandi beiðni Vopnafjarðarhrepps skv. framlögðu skjali.

Ráðherra var þungur varðandi afgreiðslu á beiðni sveitarfélagsins varðandi títrætt jafnlaunaáttak, en lofaði að svara sveitarfélaginu formlega varðandi þau mál eins og óskað hefur verið eftir.

Fram kom í umræðum fundarmanna að erfitt væri að ríkið héldi sveitarfélaginu í þessari óvissu með því að gefa fölsk fyrirheit um fjárframlög til jafnlaunaáttaksins.

Nauðsynlegt er að niðurstaða náist í þessi mál. Svar ráðuneytisins mun skipta sköpum varðandi mögulegar úrlausnir.

8. mál. Samningur við Menntamálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags á fjárlögum til fræða- og þekkingaseturs í Kaupvangi, Vopnafirði.

Lagður var fram samningur við Menntamálaráðuneytið, sem lokið var við 27. mars sl. Um er að ræða þriggja ára samning vegna fræðslu-, menningar- og ferðastarfsemi, sem rekin er í Kaupvangi á Vopnafirði. Alls eru greiðslur samkvæmt samningnum til Vopnafjarðarhrepps 8.900 þús. kr. á hverju ári samningsins miðað við verðlag ársins 2014.

Hreppsnefnd fagnar því að náðst hefur að ganga frá samningi um þessi mál, sem er mikilvægur til þess að mögulegt sé að halda uppi þeirri starfsemi sem nú er rekin í Kaupvangi í samvinnu Vopnafjarðarhrepps og Austurbrúar ses.

9. mál. Bréf Innanríkisráðuneytisins frá 11. mars sl., varðandi snjómokstur og frá 20. mars sl., varðandi framtíð innanlandsflugs.

Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins frá 11. mars sl., vegna bréfs Vopnafjarðarhrepps frá 5. mars sl., þar sem ráðuneytinu er send ályktun Vopnafjarðarhrepps varðandi snjómokstur, þar sem ákveðið hafði verið að skera snjómokstursdaga á Vopnafjarðarheiði, Mývatns – og Möðrudalsöræfum úr 6 dögum í 2 daga. Í bréfinu er einungis tilgreint að ályktunin hafi verið móttækin, en engin úrræði eða leiðir nefndar sem leitt gætu til úrbóta í þessum efnum.

Hreppsnefnd leggur á það áherslu að yfirvöld samgöngumála fari vendilega yfir það ástand sem skapaðist í snjómokstursmálum á svæðinu og leitist við að læra af þeim vandamálum, sem sköpuðust í vetur þ.a. unnt verði að lágmarka svona uppkomur í framtíðinni.

Jafnframt lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 20. mars sl., varðandi bréf Vopnafjarðarhrepps til ráðuneytisins frá 7. mars, þar sem óskað er eftir viðræðum við ráðuneytið um framtíð innanlandsflugs til og frá Vopnafirði.

Greint var frá fundi sem forsvarsmenn sveitarfélagsins áttu um þessi mál 27. mars sl., í Innanríkisráðuneytinu. Á þessum fundi var vel farið yfir stöðu innanlandsflugsins m.a. með tilliti til þess að samningar um flug á leiðinni Akureyri, Vopnafjörður, Þórshöfn, Akureyri renna út um næstkomandi áramót. Brynt er því að gengið verði rösklega fram í því að útbúa útboðsgögn fyrir þessar flugleiðir. Jafnframt var flugið rætt á víðum grunni og farið yfir atriði í nýrri skýrslu, sem unnin var af fulltrúum Innanríkisráðuneytisins í samráði við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Mannvit verkfræðistofu.

Í máli málsaðila kom fram að flugið væri mjög mikilvægt fyrir þær byggðir, sem þarna um ræðir og vinna þyrfti málið áfram á þeim grunni að unnt væri að bjóða út flugleiðina í tíma. Samdóma álit fundarmanna var að ekki væri kostur í stöðunni að leggja flugleiðir þessar niður. Hugsanlega mætti gera einhverjar breytingar á fluginu og væru hugmyndir heimamanna vel þegnar í því sambandi m.a. um flugdaga og flugtíma.

Fundarmenn tóku almennt undir það að mikilvægt væri að vinna kröftuglega að framgangi þessara mála, því flugið skiptir sköpum fyrir búsetuskilyrði í þeim byggðum sem umræðir.

Sveitarstjóra og oddvita var falið að vinna áfram að framgangi þessara mála.

10. mál. Bréf Vegagerðarinnar frá 20. mars sl., varðandi Þjóðvegi í þéttbýli.

Lagt fram bréf Vegagerðarinnar frá 20. mars sl., varðandi Þjóðvegi í þéttbýli. Bréfið er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 18. des. sl., þar, sem kallað er eftir því að gert verði samkomulag um það hvaða vegir teljist til þjóðvega í þéttbýli í þéttbýli Vopnafjarðar eftir að ný innkoma var tekin í gagnið í sveitarfélaginu.

Hreppsnefnd samþykkti að fela sveitarstjóra að ræða nánar við Vegagerðina og ganga frá slíku samkomulagi.

11. mál. Tillaga að nafni á nýrri götu við höfnina frá Kolaporti að Leiðarhafnarvegi.

Lagður fram uppdráttur og tillaga að nýrri götu í Vopnafirði, sem liggur með sjónum frá Kolaporti að Leiðarhafnarvegi. Jafnframt er gerð tillaga að nafni á götuna. Tillagan, sem unnin er af Teikn á lofti og dags. í mars 2014 gerir ráð fyrir að gatan verði kölluð "Sjávarbyggð".

Hreppsnefnd þarf að ákveða nafn á götuna þannig að unnt sé að gefa húsum heimilisfang við götu og götunúmer.

Nokkrar umræður fóru fram um þessi mál. Í fyrsta lagi var rætt um það hvernig menn vildu skilgreina legu götunnar hvort ákveða ætti nafn á hana í heilu lagi eins og tillagan gerir ráð fyrir eða skipta henni hugsanlega. Í öðru lagi var svo fjallað um nafngiftina hvort þetta nafn eða e-ð annað ætti að verða fyrir valinu.

Talsverðar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Sjónarmið komu fram um að gatan yrði ekki skilgreind í heilu lagi heldur í tvennu lagi sitt hvoru megin við hafnarsvæðið. Öðrum þótti eðlilegt að halda sig við þá hugmynd sem kynnt er í fyrirliggjandi tillögu.

Að umræðum loknum samþykkti hreppsnefnd fyrirliggjandi tillögu að götu eins og hún er dregin upp í meðfylgjandi uppdrætti. Jafnframt að gatan skuli heita "Sjávarbyggð".

Fyrirliggjandi tillaga þannig samþykkt með 5 atkvæðum, 1 greiddi atkvæði á móti og 1 sat hjá. Sveitarstjóra falið að láta vinna númerakerfi á götuna í samráði við hönnuð skipulags á svæðinu og byggingarfulltrúa.

Jafnframt samþykkt að senda málið til kynningar í skipulagsnefnd

12. mál. Íþróttavöllur, Búðaröxl, skipulag, umhverfi. Gerð grein fyrir stöðu mála.

Lagt fram minnisblað dags. 1. apríl sl. varðandi skipulag á Holtinu. Í minnisblaðinu er farið yfir forsendur, sem liggja þurfa fyrir við endanlega skipulagsvinnu á svæðinu. Mikilvægt er að hreppsnefnd samþykki ákveðnar frumforsendur fyrir lokakafna vinnunnar, svo sem afmörkun svæðis, landnýtingu, ásamt öðrum þáttum, sem nauðsynlegt er að liggja fyrir.

Í framhaldi verði endanlegar tillögur lagðar fyrir fundi með byggingar- og skipulagsnefnd, hreppsnefnd og öðrum er málið varðar. Málið var síðan skýrt frekar og greint frá fundi sem haldinn var með fulltrúum Einherja með oddvita og sveitarstjóra varðandi íþróttavallarmál.

Í framhaldi var svofelld tillaga lögð fram, vegna deiliskipulagsvinnu sem í gangi er á Holtinu og megin forsendur, sem framhald vinnunnar verði grundvallað á:

„Afmörkun deiliskipulagssvæðisins miðist við Hamrahlíð í austri, til norðurs við Andrésarklett, til vesturs að nýjum þjóðvegi og til suðurs að Búðaröxl og þegar samþykktu deiliskipulagi.

Forsendur skipulagsins eru að skipuleggja nýja íbúðabyggð innan afmarkaða svæðisins, sem liggja frá núverandi byggð á Holtinu til norðurs eftir klapparásnum ofan og að núverandi byggð í Hamrahlíð.

Núvarandi knattspyrnuvöllur (gamli malarvöllurinn) verði framtíðar aðalvöllur og taki skipulagið mið af því. Núverandi grasvöllur / æfingavöllur hverfi og falli undir íbúðabyggð. Nýtt framtíðar æfingarsvæði verði skipulagt í tengslum við útivistarsvæðið í Hestamýrum.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við byggingar- og skipulagsnefnd og skipulagsráðgjafa að vinna nánari tillögur á grundvelli ákvörðunar sveitarstjórnar um forsendur og skipuleggja sameiginlegan samráðs- og vinnufund í lok apríl til nánari stefnumótunar og ákvarðanatöku.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt á grundvelli þessarar samþykktar að Einherja er heimilt að vinna að nauðsynlegum frágangi innan vallarsvæðisins þ.m.t. uppsetning 4 m hárrar öryggisgirðingar við hvorn vallarenda og varamannaskýla við miðjusvæði að austanverðu að undangenginni grenndarkynningu. „

Umræður fóru síðan fram um fyrirliggjandi tillögu og vinnutilhögun, sem boðuð er með henni í framgangi skipulagsvinnunnar.

Fyrirliggjandi tillaga ásamt plani um vinnulag var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

13. mál. Ýmis mál og fundargerðir

- a) Fundargerð stjórnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 25. mars. sl.
Lagt fram til kynningar
- b) Fundargerð stjórnar SSA frá 25. mars sl.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.10